

Sjálfsmatsskýrsla 1, Þjórsárskóli

Niðurstöður frá spurningalistum sem lagðir voru fyrir
- foreldra á foreldradegi 22. nóvember 2007
- fyrir nemendur 5.-7. bekk 23. nóvember 2007
-og fyrir starfsfólk skólans í byrjun janúar 2008.

Lagt fyrir skólanefnd Skeiða- Gnúpverjahrepps 28. janúar 2008.

Inngangur

Á foreldradegi í lok haustannar voru foreldrar beðnir um að svara spurningum um líðan barnsins þeirra í skóla, frímínútum og skólabíl, um matarvenjur að morgni og um mat þeirra á morgunmat og hádegismat ef barnið ræddi um þau mál heima. Nokkrum dögum síðar voru sömu spurningar lagðar fyrir nemendur í 5.-7. bekk. Að lokum svöruðu kennarar sams konar spurningum um morgunmat og hádegismat og matarvenjur og einnig um vinnustaðinn og samskiptin þar.

Nemendur í 5.-7. bekk sem svöruðu könnuninni voru 28 eða 90,3% nemenda. Foreldrar voru 43 sem skiluðu svarblöðum en ætlast var til að svarað væri fyrir hvert barn sérstaklega. Það voru því svör fyrir 74,2% nemenda. Allt starfsfólk svaraði s.s. 100% svörun þar.


Þessi fyrirlögn spurninga er hluti af innra mati skólans með það að markmiði að bæta skólann til hagsbóta fyrir alla sem að honum koma.

Hér á eftir koma niðurstöðurnar.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg María Guðmundsdóttir
Skólastjóri Þjósárskóla.

Í foreldrakönnuninni var fyrst spurt um það hvort barnið ræddi um skólann þegar það væri heima. Ástæðan var sú að vita hvort foreldrar væru að svara út frá því sem nemendur ræddu við þá um eða hvort þeir væru að meta eingöngu eftir eigin mati.




Myndin hér til hliðar sýnir að flestir nemendur eða 95% ræða um skólann heima en misjafnlega mikið. Einungis 5% ræða hann ekki.

Líðan – líðan - líðan


1. Líðan í skóla

Fyrst var spurt um almenna líðan í skólanum.



Flestir nemendur, eða 78% segja að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum. Það eru þó 18% sem svara því til að þau viti ekki hvernig þeim líður. Það er nokkuð áhyggjuefni og spurning hvort ástæðan sé að þau hafi ekki þorað að svara eða hvort einhver breyting sé að verða sem þau hafi ekki tekið afstöðu til. Einhverjum líður illa í skólanum.


Að mati foreldranna þá líður 80% nemenda vel eða mjög vel sem er nokkurn veginn það sama og mat nemendanna. Í einstaka tilvikum eru foreldrar ekki vissir um líðan barnsins og 7% nemenda líður illa að mati foreldra.




Í heildina virðist sem flestum líði almennt vel í skólanum.

2. Líðan í kennslustund.

Líðan í kennslustund er í samræmi við almenna líðan í skólanum. Tæplega 80% nemenda líður vel í kennslustundum sem er svipað og almenn líðan sama hóps.




7% nemenda líður illa í kennslustund og enn er nokkuð hlutfall, eða 14%, sem veit ekki um eigin líðan.




Að mati foreldra eru fleirum sem líður vel eða mjög vel í kennslustundum heldur en almennt í skólanum. Hér eru 93% sem líður vel í kennslustundum en voru 80% sem leið almennt vel í skólanum. Engum líður illa að mati foreldra

3. Líðan í frímínútum



Flestum nemendum líður vel í frímínútum og svara um 89% því, 11% vita ekki eigin líðan. Engum virðist líða illa eða mjög illa.




Að mati foreldra eru 81% nemenda sem líður vel í frímínútum en 5% sem líður illa. Foreldrar geta ekki svarað fyrir 14% nemenda.


Kannski eru það frekar yngri nemendum sem líður illa í frímínútum og því kemur það frekar fram í svörum foreldra því nemendamat er eingöngu frá eldri hópnum.

4. Líðan í skólalínum.

Fjögur svör sem bárust áttu ekki við hér þar sem nemendur voru ekki í skólalí. Alls bárust því 39 svör við þessari spurningu frá foreldrum. Sami fjöldi svara var frá nemendum.



75% nemenda segja að þeim líði vel í skólalínum, 21% eru ekki viss og 4% líður illa.



Að mati foreldra eru 89% nemenda sem líður vel í skólalínum. Að þeirra mati er einhverjum sem líður illa og foreldrar vita ekki líðan 8% nemenda.


Í opinni spurningu er beðið um hvað þyrfti til að nemanda líði betur og þá kemur að nemendur vilja meira hljóð í línum og breyta skólalíakerfinu á morgnana svo það þurfi ekki að skipta um líl.

Hjá foreldrum kemur fram ósk um betra fyrirkomulag í skólaakstri og að það sé of langur tími í skólalí.

Almennar umsagnir til að bæta skólann og aðstæður þar voru helst varðandi fleiri bekkjarkvöld, að engum verði strítt og að yngri nemendur hætti að öskra svona mikið. Foreldrar virtust helst hafa áhyggjur af frímínútum og gæslu þar og vildu efla gæslu til að hindra stríðni og einelti.


Nokkrar umsagnir fjölluðu um að það væri gott að vera í skólanum, að það virkaði vel að taka jákvætt á málum og allt væri fínt.

Næring og morgunmatur




Fyrst voru foreldrar spurðir um það hvort nemendur ræddu um álit sitt á morgunmatnum í skólanum. Í ljós kom að rúmlega helmingur nemenda ræðir það heima.


Næst voru nemendur og foreldrar spurðir um það hvort nemendur borðuðu morgunmat heima áður en skóli hefst.



89% nemenda fá sér morgunmat áður en þeir fara af stað í skóla.




Það er sami fjöldi að mati foreldra sem fær sér morgunmat fyrir skóla, eða um 91% nemenda.




Langflestir nemendur borða morgunmat í skólanum. En foreldrar virðast þó telja að fleiri borði morgunmatinn en í gerist miðað við svör nemenda. Nokkrir nemendur eða 11% segjast ekki borða morgunmat.


Allt starfsfólk borðar morgunmat en sá sem sinnir störfum við morgunmatinn, svaraði ekki þessum hluta könnunarinnar.



Næst var spurt um hvernig nemendum líkaði morgunmaturinn í skólanum.



Það eru 82% nemenda sem líkar mjög vel eða vel við morgunmatinn í skólanum. Nokkrir eru ekki ánægðir með hann, 11% líkar illa við hann.



Að mati foreldra eru heldur fleir nemendur sem líkar vel eða mjög vel morgunmaturinn eða 87% nemenda. Það er vítað um álit 10% nemenda en einum líkar hann illa að mati foreldra.


Öllu starfsfólki líkaði mjög eða vel við morgunmatinn eins og hann er.

Næst var spurt hvort eitthvað þyrfti að bæta í morgunmatnum. Skemmst er frá því að segja að 87% foreldra og 68% nemenda telja að ekki þurfi að bæta hann. Enginn starfsmaður telur að það þurfi að bæta hann.

Þeir sem svöruðu játandi voru beðnir um útskýringu og nefndu þá t.d. að hafa eitthvað annað eða öðruvísi á brauð, fleiri áleggstegundir, meira grænmeti, kæfu, hafa betri og fleiri ávexti, oftar ávexti, hafa stundum kakó heitt eða kalt og nokkrum fannst vanta Cocoa puffs.


Næring og hádegismatur

Sami háttur var á spurningum varðandi hádegismatinn eins og með morgunmatinn.






Langflestir nemendur ræða um hádegismatinn heima.

Flestir nemendur og starfsfólk borðar hádegisamat í mötuneyti skólans.



Nokkri nemendur eða 14% segjast ekki borða hádegisamatinn. Líkleg skýring er sú að ekki borða allir allt alltaf.



Aðspurð um það hvernig nemendum líkar hádegismatunni, segja 15% að þeim líki hann vel, rúmlega fjórðungur veit það ekki en 59% líkar hann illa eða mjög illa.

67% starfsfólks líkar hann vel eða mjög vel, 22% illa eða mjög illa og 11% veit það ekki.

Þegar foreldrar eru spurðir þess sama telja þeir að 40% nemenda líki hann vel eða mjög vel. Þau svara ekki fyrir 10%

nemenda en telja að 50% líki hann ekki.

Neikvæð svörun er svipuð hjá foreldrum og nemendum en minni hjá starfsfólki.

Þegar spurt er um hvort eitthvað þurfi að bæta í hádegismatnum þá telja 75% nemenda svo vera en 63% foreldra og 78% starfsfólks vill bæta hádegismatinn.

Þegar svarendur útskýra nánar hvað þarf að bæta kom m.a. fram að það mætti ekki vera hár í matnum og að matráðar ættu að nota hárnnet við störf sín. Þá kom athugasemd um að bæta grjónagrautinn, hafa matinn ferskari og ferskara hráefni, pastað mætti ekki vera of blautt eða ofsoðið. Hafa grænmeti og pasta þegar það er súpa og grautur en annar telur að það eigi ekki að vera því börn eigi að venjast öllum mat. Hafa meiri fjölbreytni í mat og í grænmetinu og minnka kjötið, ekki hafa mikið saltað og reykt. Kartöflurnar og kartöflumúsinn ekki alltaf góð maturinn þarf að vera lystugri og gæðin meiri í meðförum s.s. að nota áhöld við skömmtum og forðast „blandaða rétti“. Miða matseðil meira við börnin og hafa stundum hamborgara, pizzu og pylsur og fækka stórsteikum í staðinn. Meiri alúð við eldamennskuna hjá nemendum. Hafa eftirmat .s.s ávexti. Miða matinn út frá manneldismarkmiðum Lýðheilsustöðvar.

Öllum var gefinn kostur á að segja álit sitt á úrvali og fjölbreytni matar í skólanum í heild eða ef það væri eitthvað annað sem einhver vildi koma á framfæri. Meðal annars koma þetta fram

Úrvalið gott, ömurlegt, eg vil fleiri tegundir, mætti hafa smjör með katöflunum þegar það er soðinn fiskur, gott á morgnana, en þarf meira úrval/fjölbreytni í hádeginu, ágætis úrval ef matseðill stenst, frekar einhæft og fullorðinsmiðað, nokkuð vel en matráðaur mætti vanda betur eldamennsku, vantar meira ferskmeti í hádeginu, það þarf að vera alltaf mjólk og vatn og grænmeti plús fiskur og kjöt í matinn, hafa oftar fiskmeti, verður aldrei svo öllum líki, hafa meira grænmeti í boði.

Í lokin komu umsagnir ef það væri eitthvað annað. Umsagnir nemenda voru meðal annars þessar og lýsa nokkuð vel fjölbreytni hópsins.

Skipta um kokk

Mætti vera með tyggjó í skólabílnum

Að það megi vera inni í frímínútum

Leyfa að vera með síma og tyggjó

Mættu vera fleir leiktæki á vellinum

Grjónagrautturinn er ógeðslega linur og festist við botninn

Vill bara stundum losna við ákveðna nemendur

Þetta er mjög góður skóli

Umsagnir foreldra voru meðal annars:

Kennarar öskri ekki á krakkana

Byggja íþróttahús

Ánægð með allt

Getur verið að tíminn sé of knappur til að borða í matsalnum?

Er bara ánægð með skólann í heild.

Vona bara að allir leggjist á eitt til að gera þetta að enn betri skóla.

Barnið frekar jákvætt gagnvart skólanum.

Burt með andlegt og líkamlegt ofbeldi í skólanum

Betri en áður.

Almennt gott í skólanum.

Hjálpa börnum að klæða sig og finna fötin sín til að það týnist ekki.

Umsagnir kennara voru meðal annars:

Mjög ánægð með stjórnanda. Get alltaf leitað til þín.

Að starfsmenn horfi fram en ekki aftur.


Finnst þetta byrja vel með nýjum stjórnanda

Einn kaflinn í könnun meðal starfsfólks fjallaði um vinnustaðinn og samskiptin þar. Fyrst var starfsfólk spurt um almenna líðan í vinnunni. Öllum líður vel eða mjög vel.

Næst var spurt um mat starfsmanna á faglegu starfi skólans. 80% svöruðu því sem góðu eða mjögóðu en hinir svöruðu ekki spurningunni.

Þriðja spurning varðaði samskiptin á vinnustaðnum og telur allt starfsfólk þau vera góð eða mjög góð.

Að lokum var spurt um mat á boðleiðum og upplýsingaflæði innan skólans.



Flest starfsfólk, eða 70%, telur upplýsingastreymi gott en 20% telja það slakt.

Það er því ljóst að upplýsingastreymi er veiki hlekkurinn í samskiptunum í Þjórskóla sem vinnustað.

Fimmta spurning íkönnun meðal starfsfólks var opin og var þar beðið um ábendingar um hvernig væri hægt að bæta starfsumhverfið og vinnustaðinn. Meðal annars komu þessar ábendingar.

Stundum óþægilegt þegar skólastjóri og staðgengill loka sig af. Held að það þyrfti að skýra betur hlutverk staðgengils.

Tala saman og reyna að fá umræður þar sem allir taka þátt.

Upplýsingastreymi má bæta, t.d. morgunfundir.

Passa upp á mórallinn á kennarastofunni, að það sé ekki pískrað hér og þar, það fer illa í suma. Það er fyrir hendi örlítið nöldur hjá sumum sem þyrfti að uppræta.

Kvartanir út í horni við aðra en þá sem málið varðar. Slíkt þarf að hreinsa.

Passa réttar boðleiðir og að grípa ekki fram fyrir hlutverk umsjónarkennara.

Er frábær hópur sem stendur vel saman - vantar samt stundum samvinnutíma meðal kennara.

Væri gott að fá spjalltíma með stuðningsfulltrúum.

Bæta kennsluáðstöðu.

Lokaorð

Af þessu má gera ráð fyrir að flestum nemendum okkar líður vel í aðstæðum tengdum skólanum en þó eru nokkur sem vert er taka tillit til og vinna að því að gera enn betur. Almennt eru flestir nokkuð jákvæðir gagnvart morgunmatnum en neikvæðir gagnvart hádegismatnum. Það koma góðar ábendingar um það sem betur má fara og fram kemur í umsögnum hvað foreldrar og nemendur hafa helst áhyggjur af í skólanum.

Matvælafræðingur hefur fengið senda matseðla ásamt skýringum og mun gefa okkur mat sitt á þeim ásamt tillögum til úrbóta. Við þurfum að efla athygli starfsmanna í frímínútnagæslu og passa samskipti nemenda þar. Foreldrar hafa mestar áhyggjur af þeim þætti. Huga þarf að samræmdu átaki í samskiptabjálfun fyrir nemendur þvert á árganga til að efla samstöðu og virðingu enn frekar.

Þjórskóli sem vinnustaður virkar vel. Það eru nokkrar hindranir sem þarf að vinna á og hafa komið ábendingar um. Í framhaldi þess var ákveðið að hafa upplýsingafundi alltaf á miðvikudagsmorgnum kl. 08 með öllu starfsfólki skólans. Eftir er að vinna úr fleiri punktum, sérstaklega varðandi upplýsingarstreymi, boðleiðir og samskipti á vinnustaðnum.

Þessar niðurstöður eiga eftir að fá umfjöllun meðal starfsfólks en verða nýttar til að bæta skólann enn frekar sem vinnustað okkar allra.